

## Reglur um framlög til stjórnmalasamtaka sem bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga í Hveragerði

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um árleg framlög sem Hveragerðisbær veitir til starfsemi stjórnmalasamtaka sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmalasamtaka.

2. gr.

*Ákvörðun um framlög.*

Ákvörðun um framlög til stjórnmalasamtaka tekur bæjarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar ár hvert. Fjárhæðinni skal úthlutað ár hvert í hlutfalli við atkvæðamagn.

Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar eru haldnar skal úthlutað helmingi árlegs framlags fyrir kosningar, en síðari helmingi að þeim loknum og þá í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum, sbr. 2. mgr. 5. gr. nr. 162/2006 laga um starfsemi stjórnmalasamtaka.

3. gr.

*Upphæðir framlaga.*

Heildarupphæð framlaga til stjórnmalasamtaka er 175 kr. á hvern íbúa sem lögheimili á í sveitarfélaginu 1. janúar á ári hverju. Þessi fjárhæð tekur breytingum árlega miðað við vísitölu neysliverðs í október ár hvert og er grunnvísitalan 472,2 stig, miðað við október 2019, sbr. viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 13. desember 2019 og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmalasamtaka.

Hveragerðisbær styður við útgáfustarfsemi stjórnmalasamtaka með kaupum á auglýsingum í þeim ritum sem gefin eru út á þeirra vegum í Hveragerði. Árleg viðmiðunarupphæð fyrir hver stjórnmalasamtök er kr. 60.000.

4. gr.

*Skilyrði úthlutunar.*

Skilyrði úthlutunar framlaga er að viðkomandi stjórnmalasamtök hafi áður uppfyllt upplýsingaskyldu sína við ríkisendurskoðanda, sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 162/2006 um laga um starfsemi stjórnmalasamtaka og ákvæði 5 gr. þessara reglna.

5. gr.

*Birting ársreiknings og kostnaðar við framboð.*

Stjórnmalasamtök sem hljóta styrk samkvæmt reglum þessum skulu árlega birta ársreikning sinn á opinberum vettvangi.

Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar fara fram skulu stjórnmalasamtök sem hljóta styrk samkvæmt reglum þessum gera grein fyrir kostnaði við framboð til sveitarstjórnarkosninga á opinberum vettvangi í síðasta lagi sex mánuðum eftir sveitarstjórnarkosningar.

6. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2023. Frá sama tíma falla úr gildi reglur Hveragerðisbæjar um framlög til stjórnmalasamtaka sem bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga sem samþykktar voru í bæjarstjórn 11. maí 2017.

Samþykkt í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar 24. nóvember 2022

Geir Sveinsson, bæjarstjóri

### *Greinargerð*

Í 5. gr. laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnálasamtaka er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að veita stjórnálasamtökum sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum árleg fjárframlög til starfsemi sinnar. Nýjar reglur eru til að auka gagnsæi í fjárframlögum til stjórnálasamtaka og taka mið af viðmiðunarreglum sem Samband íslenskra sveitarfélaga setti um slík framlög árið 2019. Í viðmiðunarreglum Sambandsins er miðað við að heildarupphæð framlaga til stjórnálasamtaka miðist við tiltekna upphæð á hvern íbúa sem breytist árlega samkvæmt vísitölu neysluverðs. Auk þess er lagt til að Hveragerðisbær styrki stjórnálasamtök með kaupum á auglýsingum í blöð sem þau gefa út og dreift er í Hveragerði eins og gert er í núgildandi reglum. Upphæð framlaga til stjórnálasamtaka er ákveðin í fjárhagsáætlun hvers árs.

Í núgildandi reglum er styrkur til stjórnálasamtaka þrenns konar, þ.e. beinn fjárstyrkur, kaup á auglýsingu í blöð stjórnálasamtaka og niðurfelld fasteignagjöld til stjórnálasamtaka sem eiga fasteignir. Í nýjum reglum er niðurfelling fasteignagjalda felld út en óeðlilegt er að mismuna stjórnálasamtökum með framlög eftir því hvort þau eiga fasteignir eða kjósa fremur að leigja húsnæði til lengri eða skemmri tíma. Með nýjum reglum lækkar heildarupphæð framlaga Hveragerðisbæjar til stjórnálasamtaka að meðaltali um 8% frá því sem nú er.